

Ragnar Ingi Adalsteinsson

Limrur

**Fyrir unglingastig
grunnskóla**

Eina limru ég læt hérna flakka
um skeggid á Brandi á Bakka.
Niður kjálkunum frá
gegnum klot hans það lá
og það endaði uppi í hnakka.

(Jónas Árnason)

Kennsluleidbeiningar



Limrukver – Kennsluleiðbeiningar

Þegar þessu kveri er fylgt úr hlaði með leiðbeiningum til kennara er rétt að byrja á því að vekja athygli á *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla* sem út kom hjá Menntamálastofnun árið 2011. Reiknað er með að þeir nemendur sem lesa Limrukverið hafi lært þessa bragfræði og kennarar kynnt sér kennsluleiðbeiningar sem fylgdu henni. Margt af því sem þar er sagt á við um limrurnar og í Limrukverinu er oft vísað í Bragfræðina.

Sumt er þó ólíkt með vísunum þeim sem skýrðar voru í Bragfræðinni og limrunum. Þar ber fyrst að nefna taktinn. Limrur eru langoftast byggðar upp á þríliðum. Þá eru þrjú atkvæði í hverri kveðu (braglið). Skoðum tvær fyrstu línurnar í limru eftir Hjálmar Freysteinnsson:

| Ársól með | gáfnanna | gnótt/hefur löngum í listirnar | sótt ...

Hér eru þrjú atkvæði í hverri kveðu, nema í síðustu kveðu hvorrar línu. Þar kemur svokallaður stúfur, eitt atkvæði. Lína tvö byrjar svo á forlið, *hefur*, og í lok línunnar er annar stúfur sem rímar við þann fyrri. Takið eftir því að stúfurinn *gnótt* og forliðurinn *hefur* mynda saman einn þrílið. Í rauninni er hægt að líta svo á að forliðurinn sé síðasti hluti af síðustu kveðu línunnar á undan og þegar vel tekst til, eins og í þessari limru, fellur þetta saman og hrynjandinn verður óslitin frá einni línu til annarrar.

Vegna þess hve kveður í limrum eru fyrirferðarmiklar verða forliðirnir oft ansi stórir og byrjendum hættir til að setja þar ljóðstafi. Það má að sjálfsögðu ekki. Um forliði og stúfa er fjallað í 1. og 2. kafla og litlu við það að bæta. Bent skal þó á að það er ekki neitt sem segir að stúfur og forliður þurfi að passa saman í braglið, eins og sýnt var hér að framan (gnótt/hefur). Allur gangur er á því hvað limrusmiðir eru nákvæmir við gerð braglínanna. Þar gengur á ýmsu bæði með forliði og stúfa og einnig með einstaka bragliði inni í línunum. Stundum eru þar tvíliðir á meðal þríliðanna og ekkert við því að segja. Það er hins vegar stuðlunin sem aldrei bregst. Stuðlasetningarreglur í limrum eru flóknaar, sérstaklega hvað varðar skammlínurnar tvær, og þær eru aldrei brotnar. Stuðlasetningin er burðargrind hefðbundna ljóðsins á Íslandi og þar leyfa menn sér engar undantekningar.

Verkefnalausnir

FYRSTI KAFLI

Verkefni:

a) Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa:

Hér hefur limrunum verið skipt í kveður með strikum, forliðir eru *skáletraðir* og stúfar undirstrikaðir:

Sértu fríður, er gróflega gaman
að gera sig ljótan í framan
með fettum og brettum
og glennum og grettum.
Ég geri það tímunum saman.

(Jóhann S. Hannesson)

Þessi limra er þannig gerð að ef hún er sett upp sem venjulegur texti þá sést að hver kveða, alla leiðina í gegn, er þrjú atkvæði:

Sértu | fríður, er | gróflega | gaman að | gera sig | ljótan í | framan með | fettum og | brettum og | glennum og | grettum. Ég | geri það | tímunum | saman.

Að | Hallbirni | heimanað | reknum
í | hnipri hann | lá út' á | bekknun
hjá | lasburða | tösku
með | leka í | flösku
og | kött sem hann | keypti í | sekknum. (Hlymrekur handan)

Setjum þessa limru upp sem texta eins og gert var hér að ofan:

Að | Hallbirni | heimanað | reknum í | hnipri hann | lá út' á | bekknun hjá | lasburða | tösku með | leka í | flösku og | kött sem hann | keypti í | sekknum.

Í | Seley fannst | sjórekinn | háfur;
menn | sögðu þar | strax, „Þetta' er | máfur.“
Þeir | trúa í | blindni
á | frumleik og | fyndni
en | fordæma | hagnýtar | gáfur. (Jóhann S. Hannesson)

Og sem texti lítur hún svona út:

Í | Seley fannst | sjórekinn | háfur; menn | sögðu þar | strax, „Þetta' er | máfur.“ Þeir | trúa í | blindni á | frumleik og | fyndni en | fordæma | hagnýtar | gáfur.

Limrurnar þrjár hér að ofan eiga það sameiginlegt að þar eru allir stúfarnir tvö atkvæði. Oft eru limrur þannig rímaðar að ef löngu línurnar eru með tvírími þá er einrím í skammlínunum og öfugt. Það er þó alls ekki nein regla. Stúfur heitir síðasti bragliðurinn í braglínunni ef hann er styttri en hinar kveðurnar.

- b) Búið nú til ykkar eigin limrubraglínur. Hafið þrjár kveður í hverri línu og þrjú atkvæði í hverri kveðu. Gerið eina línu í einu til að byrja með og hafið þar tvo stuðla. Athugið að nú mega stuðlarnir standa í hvaða kveðum sem er af því að kveðurnar eru bara þrjár.

Tilgangurinn með þessu verkefni er að nemendur geti sjálfir búið til sínar eigin limrur. Þetta er byrjunin. Þeir æfa sig í að setja saman einstakar braglínur. Hér æfa þeir löngu línurnar. Þegar það verkefni er komið vel af stað byrja þeir að láta línurnar ríma saman. Eftir 3. kafla, þegar stuðla-setningin hefur verið útskýrð, er verkefnið að búa til tvær skammlínur, með tilheyrandi rími og stuðlum. Þegar þetta hefur verið gert og einhver hópur hefur sameinast í því að gera samrímaðar lengri línur og annar hópur hefur gert nokkrar samrímaðar og stuðlaðar skammlínur, þá er hægt að setja allt í einn pott og velja saman línur í fullgerðar limrur. Nemendur, í samráði við kennara,

velja eina langlínu frá þessum, aðra langlínu frá öðrum og svo skammlínur frá þeim þriðja. Lokalínuna má finna einhvers staðar – hún verður bara að ríma við tvær þær fyrstu. Rétt er að ítreka hér að löngu línurnar geta allar verið sérstuðlaðar, ef í það fer. Þar þarf því ekki að hugsa fyrir síðlínu með höfuðstaf. Það þarf hins vegar að gera í skammlínunum (a.m.k. er það langalgengast þó að þær geti reyndar verið sérstuðlaðar líka). Athugið að það er hefð fyrir því að limrur séu, ef svo ber undir, dálítið tætingslegar efnislega. Þessar limrur, settar saman úr verkefnum nemenda, þurfa alls ekki að vera neitt glannalegri eða galgopalegri en það sem ýmsir ágætir limruhöfundar hafa sent frá sér.

Limrubraglínurnar geta verið mjög heimilislegar og jarðbundnar:

Bíllinn er bilaður heima/Tinni er úti á túni/Frikki er fljótur að hlaupa/Rannveig er dugleg að reikna

Þannig er hægt að halda áfram endalaust. Línan verður bara að hafa þennan þríliðatakt og svo verða að vera þar tveir stuðlar. Tilvalið er að nemendur yrki hver um annan svo fremi sem það fer ekki út í persónumeiðingar.

Næsta stig er svo að láta línurnar ríma saman:

Finnur er hraustur og fær/Gunnar var bestur í gær/Hallmundur syngur og hlær

Gott er að ganga í frakka/farðu nú frekar í jakka/elskan mín, ekkert að þakka

Gefið nemendum góðan tíma til að leika sér með þetta form áður en farið er að setja saman heilar limrur.

ANNAR KAFLI

Verkefni:

- Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa: Hér hefur limrunum verið skipt í kveður með strikum, forliðir eru *skáletraðir* og stúfar undirstrikaðir:

Ég geng út frá því sem gefnu
að guð hafi skapað Hrefnu,
þó ég geti ekki séð
neina meiningu með
svo fráleitri framleiðslu--stefnu.

(Hermann Jóhannesson)

Skoðum nú þessa limru sem texta:

Ég | geng út frá | því sem | gefnu að | guð hafi | skapað | Hrefnu, þó ég | geti ekki | séð neina |
meiningu | með svo | fráleitri | framleiðslu- | -stefnu.

Hér koma bæði fyrir tvíliðir (því sem, *skapað, með svo*) og einn liðurinn er fjögur atkvæði (*Hrefnu, þó ég*). Þetta er þó alls ekki formgalli heldur frávík sem höfundar leyfa sér mjög oft og eru ekki til skaða ef rétt er með farið. Það sem um er að ræða er það að hér er tvöfaldur forliður í 3. línu þó að 2. lína endi á stúf sem er tvö atkvæði.

Takið eftir skiptingunni á orðinu framleiðslustefnu. Þetta orð nær yfir tvær kveður.

Eina limru ég læt hérna flakka
um skeggið á Brandi á Bakka.
Niður kjálkunum frá
gegnum klof hans það lá
og það endaði uppi í hnakka.

(Jónas Árnason)

Hér er það sama; tvöfaldur forliður í 3. línu þó að 2. lína endi á stúf sem er tvö atkvæði. Hér eru allar löngu línurnar sérstuðlaðar. Þessi stuðlun hefur orðið vinsæl í seinni tíð og þessa stuðlun notum við í þeim verkefnum sem nemendur gera. Þá er hægt að setja saman braglínur og raða þeim saman án þess að vera að hugsa um síðlínu með höfuðstaf, eins og áður hefur verið nefnt.

Amma var indælis kelling
sem eldaði lapbunnan velling.
Kunnast var þó
þetta kerlingar- -hró
fyrir hlandvolgan uppá- -helling.

(Böðvar Guðlaugsson)

Hér er ekki forliður í 1. línu. Sama er að segja um 3. línu. Til eru limrur sem hafa alls engan forlið (sjá 2 E).

Í dinnernum Kata mig kyssti.
Mér krossbrá og andlitið missti
ég niður í gólf
en náði um tólf
að nudda því á mig – og gisti.

(Anton Helgi Jónsson)

- b) Haldið nú áfram að búa til braglínur. Þið sjáið að forliðirnir mega vera nokkuð fyrirferðarmiklir en þið verðið að muna að stuðlarnir mega aldrei vera í forliðunum.

Nú er rétt að sýna nemendum að þeir geti haft forliði á línunum sem þeir búa til. Stundum er nauðsynlegt að skjóta inn forlið framan við fyrstu kveðuna:

Við | sitjum hér | saman í | skóla/Þær | kaupa sér | fallega | kjóla/Þeir | garga og | rífast og | góla

Forliðurinn má vera tvö atkvæði:

Ég er | sáttur við | öll þessi | svör/Nú er | gríðarlegt | gaman og | fjör/Er hún | langamma | komin í | kör

Þannig má halda lengi áfram.

ÞRIÐJI KAFLI

Verkefni:

- Skoðið nú ljóðstafi í limrunum í 1. og 2. kafla.
- Skiptið eftirfarandi limrum í kveður, merkið sérstaklega forliði og stúfa og dragið hring um ljóðstafina:

Hér hefur limrunum verið skipt í kveður með strikum, forliðir eru *skálettraðir* og stúfar *undirstrikaðir*. Ljóðstafir hafa verið feitlettraðir í stað þess að draga hring um þá:

Hann Sámur var geltinn í gær.

Á gamalær rauk hann tvær

og elti þær heim.

Þá var hundur í þeim

en rakkinn var orðinn ær.

(Björn Ingólfsson)

Í síðustu línunni hér er stuðlað með sérhljóðum, *o* í *orðinn* og *æ* í *ær*. Takið eftir að hér er ljóðstafur í fyrri áhersluatkvæði seinni skammlínunnar. Það er regla sem er án undantekninga eins og sjá má hér að neðan og í hverri einustu limru bókarinnar.

Einn bergrisi bústinn og pratinn

sem við næringar-öflun var natinn

gleypiti í hvelli

fólkið á Felli

og mælti svo: „Takk fyrir matinn.“

(Jónas Árnason)

Takið eftir orðinu næringaröflun. Það nær yfir tvær kveður og er skipt í samræmi við það.

Hátíðin hún var að byrja.

Þá hrópar Steingerður Yrja;

„Svein vil ég ei,

ég segi sko NEI“.

Samt var nú enginn að spyrja.

(Hjálmar Freysteinnsson)

Takið eftir stuðluninni hér. Skammlínurnar stuðla saman, þær virka eins og ein löng lína (frumlína) og svo kemur höfuðstafur í 5. línu. Þessi stuðlun er algeng í limrum en í grunn-skólanum er að líkindum auðveldara að halda sig við sérstuðluðu línurnar.

Takið líka eftir því að ljóðstafirnir þarna eru *S* í *Svein*, *s* í *segi* og *s* í *samt* en í 5. línu er orðið *spyrja* og það skapar ekki ofstuðlun. *Sp* stuðlar ekki við neitt nema *sp* (sjá um gnýstuðla í *Bragfræði fyrir unglingastig grunnskóla*, bls. 17-19).

Ef birtist með vetrinum vandinn
er viturlegt ráð, segir landinn,
að stelast á brott
í strandlífið gott
og stinga þar hausnum í sandinn.

(Anton Helgi Jónsson)

Hér er sams konar stuðlun í 3., 4. og 5. línu og í limrunni á undan en nú er stuðlað með *st*, og að sjálfsögðu stuðlar það bara við *st*.

c) Búið nú til limruskammlínur á sama hátt og þið gerðuð lengri línurnar í 1. og 2. kafla. Skammlínurnar eiga að vera tvær kveður og sú fyrri er þrjú atkvæði en sú seinni getur sem best verið stúfur, eitt eða tvö atkvæði (má líka vera þrjú atkvæði, sjá 2F). Línurnar verða að sjálfsögðu að ríma saman. Svo verður að huga að stuðlasetningunni. Reglan er sú að stuðlar verða að vera að minnsta kosti tveir, mega vera þrír. Alltaf verður að vera stuðull í fyrsta áhersluatkvæði seinni skammlínunnar eins og nefnt var hér að ofan. Skammlínurnar gætu til dæmis verið svona:

Með hamslausa kæti
og hasar og læti (sbr. 3 A og 3 B)

eða

að sjá þetta flón
var fáránleg sjón (sbr. 3 D)

eða

Nú höldum við heim
eftir hrikalegt geim (sbr. 3 I)

eða

við lærum að teikna
og rita og reikna (sbr. 3 E)

Búið nú til ykkar eigin skammlínur í samræmi við það sem hér er sýnt.

Af vinnu grunnskólanema frá 2012

Nemendur í Háaleitisskóla, Álftamýri, unnu verkefni á haustdögum 2012 þar sem þeir bjuggu til skemmtilegar limrur með þeirri aðferð sem hér er lýst. Löngu línurnar voru hinar skrautlegustu. Fyrirmælin voru þau að línan átti að ríma við **ær**. Skoðum nokkur dæmi:

Védís hún vakti í gær
Helga hún situr og hlær
Gunnar hann játaði í gær
Um nóttina færðist hún nær
Telma'er með fallegar tær
Sjóarinn Sigurður hlær

Og svo skiptu þau um rímorð, nú átti að ríma við **Óla**:

Í bekknum er fiflið hún Fjóla
Hann er víst alltaf að hjóla
Hana langar ei lengur í skóla
Njáll selur alls konar njóla
Jóhanna hlakkar til jóla
Hún fer út að kaupa sér kjóla

Skammlínurnar voru líka bráðskemmtilegar:

Bærinn hans brennur
og blóðið hans rennur

Tónlist er góð
hún gerir oss fróð

Ef ég nenni' ekki' að vaka
þá verð ég að slaka

Ástirnar vaka
og álfirnar kvaka

Hún smjattaði' á klaka
og smælaði svaka

Þá var ekki annað eftir en að raða þessu saman. Það mátti breyta forliðunum og það mátti skipta um tíð í línunum til að laga þær hverja að annarri.

Védís hún vakti í gær
og um nóttina færðist hún nær,
því ástirnar vaka
og álfirnar kvaka
og sjóarinn Sigurður hlær.

Svo voru það línurnar með tvíríminu:

Jóhanna hlakkar til jóla.
Hana langar ei lengur í skóla.
Hún smjattaði' á klaka
og smælaði svaka
og fór út að kaupa sér kjóla.

Limrurnar urðu miklu fleiri enda möguleikarnir margir. Þessi limrutilbúningur byggist meðal annars á því, eins og áður hefur verið nefnt, að löngu línurnar geta allar verið sérstuðlaðar. (Sjá t.d. limru Jónasar Árnasonar hér að ofan.)

FJÓRÐI KAFLI

Verkefni:

Búið nú til rímorð að hætti limrusmiða. Látið ríma saman orð og orðasambönd og reynið að hafa orðavalið svolítið út úr kortinu, eins og tíðkast í limrum. Gott er að setja inn í sviga fyrir framan orðin tengiorð til að sýna hvernig þið hyggist tengja rímorðin merkingarlega. Skoðið dæmin hér fyrir neðan:

(ég hitti) *sundmann* – (sem grimman) *hund fann* – (og hræddur um) *grund rann*

(ég leiðir) *fer mínar* – (á leið til) *Berlínar* – (því lausnin) *er fin þar*

Þetta verkefni mætti hugsanlega vinna með orðabók, a.m.k. að einhverju leyti. Ef til vill er rétt að tengja þetta við 2. kafla þar sem nemendur eiga að gera langar línur sem ríma saman.

FIMMTI KAFLI

5A

Skyti

Hvert skreppur öndin úr öndunum
hvislar andlegt hugboð að skytanum
og hann litast um
yfir engjun- -um
með öndina' í hálsin-um.

(Þorsteinn Valdimarsson)

Þessi limra er óvenjuleg og í rauninni ekki alveg eftir reglunum. Í löngu línunum eru ekki stúfar, sem er í góðu lagi. Þetta er vegna þess að síðasti bragliðurinn í þeim línunum er þrjú atkvæði, fullur bragliður. En í síðustu línuna vantar einn braglið.

„með | öndina' í | hálsinum“ ætti þá að vera t.d. „með | öndina | fasta í | hálsinum“ eða eitthvað þess háttar. Þá væri línan hæfilega löng. En limrusmiðir, sem eru orðnir leiknir í að yrkja, leyfa sér stundum svona frávik.

5B

Tár

Þar sem lækurinn rann og rann
drúpti rós og lækurinn fann
alveg niður í ós
er hin rauða rós
felldi regndropa niður í hann.

(Þorsteinn Valdimarsson)

Þessi limra er regluleg að öllu leyti öðru en því að einn bragliður, „rauða“ í 4. línu, er tvíliður. Þetta sést oft í limrum.

5C

Prösturinn settist á þúfuna
(þessi með lausu skrifuna),
sprengmóður, sveittur
og spurði mig þreyttur:
„Hvar er þessi engill með húfuna?“ (Páll Jónasson)

Hér eru bara tveir forliðir og stúfarnir eru líka bara tveir.

5D

Uppivaðsla

Hún var skiljanleg heftin í hananum
þegar hæna ein brá út af vananum
og gjörði svo vel
að ganga með stél
sem var stærra en stélið á hananum. (Jónas Árnason)

Hér eru fyrirferðarmiklir forliðir, bæði í 2. og 5. línu. Þar er þó munur á því að 1. lína endar á heilum þrílið og þess vegna er ekki mikið rými fyrir forlið í næstu línu. Þetta verður samt ekki til neinna vandræða. Við gerum bara örstutt hlé eftir 1. línu og búum til aukataktbil – og málið er dautt.

5E

Úr limrubók JSH

Það er almennings- -álit í sveitinni,
að ást séra Marteins á geitinni
megi hreint ekki lá
þegar litið er á
hve lík hún er Jórinni heitinni. (Jóhann S. Hannesson)

Skoðið orðið almenningsálit. Það er alls fimm atkvæði. Forliðurinn í 3. línu kemst ekki vel fyrir en það leysist á sama hátt og í limrunni á undan.

5F

Bibi ákveður að drífa sig á fætur

Ég varla fæ breytt mínum vana nú.
Út í vitleysu nýja ég ana nú
því aldrei skal hikað
við óráð né hvikað.
Ég er bara svona og hananú! (Anton Helgi Jónsson)

Hér er dæmi um mjög skemmtilegt rím. Þessa limru mætti sýna nemendum þegar verið er að ræða rímið í fjórða kafla.

5G

Hulda mín leysir af sem birgðastjóri hjá Kaupfélagi Patreksfjarðar

Að hagræða hlutum er brýnt;

ég hef á þeim skipulag fínt.

Á lagernum tóma

er lífið til sóma

og leitun að því sem er týnt.

(Anton Helgi Jónsson)

Hér er ekkert að athuga. Limran er óaðfinnanlega gerð – og afar skemmtileg. Ef til vill væri hægt, a.m.k. í sæmilega vel hugsandi bekk, að skoða merkingu síðustu línunnar. Þar gætir skemmtilegrar tvíræðni.

Nokkrir punktar um limrugerðarhópvinnu

Veljið orð sem ríma, gott er að nota Rímorðabókina. Finnið stærstu rímorðarunurnar, gætið að því að þar séu ekki dónaleg orð. Þau geta truflað unga fólkið.

Notið til dæmis orðstofnana: -aka, -ara, -aman, -etta, -ína, -óð, -æða, -á, -ein, -ið, -óla, -ótt, -ær.

Hver hópur fær sitt rímorð. Sýnið dæmi um limrubraglínur:

Gæsirnar flugu í gær.

Rikki var rauður í framan.

Gott er að feitletra stuðlana.

Svo þarf að útskýra gnýstuðlana, sem er reyndar mjög einfalt. Stafapörin **sk**, **sl**, **sm**, **sn**, **sp** og **st** stuðla bara við sjálf sig en ekki við önnur **s**. Þetta kallast gnýstuðlar. Það er enginn vandi að læra þetta.

Helgi á skrautlega skó.

Stebbi á stéttinni gengur.

Slyngur er Gunnar að slást.

Það er svo öfugt með sérhljóðana. Þeir stuðla hver við annan.

Anna fór grátandi inn.

Unnur fór hlējandi út.

Binni var úti að aka.

Ekki gengur að hafa sömu stuðla í tveimur braglínunum í limru hlið við hlið. Skoðum dæmi:

Stebbi er kaldur og klár.

Kalli var klökkur og sár.

Þetta má ekki. Á þetta verður alltaf litið sem ofstuðlun. Seinni línan hér gæti orðið fimmta lína. Ef skammlínurnar koma á milli þeirra er vandamálið leyst.

Sama gildir auðvitað um dæmin um sérhljóðastuðlana hér að framan þó að línurnar séu settar svona upp þar.

Anna fór grátandi inn.

Unnur fór hlējandi út.

Svona má þetta ekki vera í limrunni. Orðið *út* skapar ofstuðlun (auk þess rímar þetta ekki).

Erfiðast er að gera skammlínurnar. Þar eru tvær kveður, þ.e. tvö áhersluatkvæði og svo ríma þær saman. Stuðlasetning má vera á fjóra vegu:

A

Stebbi er klár
en Kalli var sár.

B

Við hrópum og klöppum
og hoppum og stöppum.

C

Hann Gulli er greindur
og gamall og reyndur.

D

Að koma hér saman
er glymrandi gaman.

Auk þess geta báðar skammlínurnar verið sérstuðlaðar:

E

Hann Stebbi er stúrin
og Gulli svo glúrin

Þetta er sjaldgæft og fer reyndar ekki vel, svolítið ofhlaðið, en ekki rangt.

Nánar farid í stuðlasetningu á skammlínunum limrunnar

Sem fyrr segir eiga skammlínur limrunnar að vera tvær kveður og sú fyrri er þrjú atkvæði en sú seinni getur sem best verið stúfur, eitt eða tvö atkvæði (má líka vera þrjú atkvæði, sbr. 2 F). Línurnar verða að sjálfsgöðu að ríma saman. Svo verður að huga að stuðlasetningunni. Reglan er sú að stuðlar verða að vera að minnsta kosti tveir, mega vera þrír. Alltaf verður að vera stuðull í fyrsta áhersluatkvæði seinni skammlínunnar. Skammlínurnar gætu til dæmis verið svona:

Með hamslausa kæti		X	O
og hasar og læti	(sbr. 1 A og 1 G)	X	O
eða			
að sjá þetta flón		O	X
var fáránleg sjón	(sbr. 2 B og 2 D)	X	O
eða			
Nú höldum við heim		X	X
eftir hrikalegt geim	(sbr. 2 F og 3 I)	X	O
eða			
við lærum að teikna		O	O
og rita og reikna	(sbr. 3 E og 3 J)	X	X
eða			
glimrandi gaman		X	X
að syngja hér saman		Y	Y

Um þetta síðasta eru ekki dæmi í bókinni en rétt er að sýna þetta hér. Þetta er sjaldgæft en ekki rangt og ef nemendur vilja leysa vandann svona þá á það að vera heimilt.